



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Tillaga

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að Víðinesvegur hafi hámarkshraða 70 km/klst austan tengingar að skotsvæði á Álfsnesi
- Að Víðinesvegur hafi hámarkshraða 50 km/klst vestan tengingar að skotsvæði á Álfsnesi
- Að umferð um Víðinesveg frá iðnaðarsvæði á Álfsnesi (I2) víki fyrir umferð um Víðinesveg milli iðnaðarsvæðis iðnaðarsvæðis Álfsnesvík (I6) og Vesturlandsvegur með biðskyldu
- Að umferð um Víðinesveg frá Víðinesvegi 30-33 víki fyrir umferð um Víðinesveg milli iðnaðarsvæðis iðnaðarsvæðis Álfsnesvík (I6) og Vesturlandsvegur með biðskyldu

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Víðinesvegur hefur séð aukna þungaumferð síðustu ár, m.a. með tilkomu Björgunar á Álfsnesið. Samhliða þessari auknu þungaumferð hefur ástand Víðinesvegur versnað, en til stendur að fara í lagfæringar á veginum vegna þess. Vegurinn er ekki með skiltaðan hámarkshraða og því er í raun hámarkshraðinn 90 km/klst, en vegurinn þolir þó engu að síður ekki hraða umfram 50-70 km/klst eftir því hvar ekið er. Á kafla stendur til að færa Víðinesveg og tengja eldri veg við nýja legu með biðskyldum á völdum stöðum.

Í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og fengið samþykki hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna



Hjálagt: Mynd af Víðinesvegi ásamt hámarkshraða og biðskyldum.



Mynd 1 - Rauðar línur tákna götur þar sem lagt er til að hámarkshraði verði 50 km/klst og bláar línur tákna götur þar sem lagt er til að hámarkshraði verði 70 km/klst. Biðskyldur sem lagðar eru til eru einnig sýndar.